

Til stafræns ráðs

Efni: Fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um notkun Reykjavíkurborgar á Workplace, Google Workspace, Webex og Torginu

Á fundi stafræns ráðs þann 13. mars 2024, var lögð fram fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um notkun Reykjavíkurborgar á Workplace, Google Workspace, Webex og Torginu. Fyrirspurninni var vísað til umsagnar þjónustu- og nýsköpunarsviðs með bréfi dagsettu þann 14. mars 2024.

F.h. Þjónustu og nýsköpunarsviðs,



Óskar J. Sandholt,
sviðsstjóri

Hjálagt er:

- Svar við fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um notkun Reykjavíkurborgar á Workplace, Google Workspace, Webex og Torginu.
- Tillaga um notkun á Workplace samskiptamiðlinum hjá Reykjavíkurborg.



SVAR

Viðtakandi: Stafrænt ráð

Sendandi: Óskar J. Sandholt, sviðsstjóri

Efni: Svar við fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um notkun Reykjavíkurborgar á Workplace, Google Workspace, Webex og Torginu

Á fundi stafræns ráðs þan 13. mars 2024, var lögð fram svohljóðandi fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins, sbr. 20. lið fundargerðar ráðsins s.d.:

Hvers vegna notast Reykjavíkurborg við Workplace frá META þrátt fyrir að Office 365 innihaldi sambærilega virkni í gegnum Viva Engage? Hvers vegna notast skóla- og frístundasvið við Google Workspace í stað annarra sambærilegra lausna? Hvers vegna notast Reykjavíkurborg við Webex fjarfundarlausnir í stað sambærilegra lausna í gegnum Office 365? Hver er kostnaðurinn við Torgið og hvers vegna var ákveðið að notast við þá lausn í stað sambærilegrar lausnar í gegnum Office 365?

Fyrirspurninni var vísað til umsagnar þjónustu- og nýsköpunarsviðs með bréfi dagsettu þann 14. mars 2024.

Svar:

Microsoft 365 býður upp á fjölbreytt úrval af verkfærum sem geta nýst Reykjavíkurborg á marga vegu, oft sem staðgenglar fyrir annan hugbúnað. Þó er mikilvægt að fara varlega í að gera borgarkerfið of háð einni lausn eða einum hugbúnaðarpakka. Slíkt kemur ekki vel út í áhættumati en það eykur hættu á truflun og þjónusturofi ef lausnir eru lagðar niður eða áskriftarleiðir breytast. Ekki er skynsamlegt að hafa of margar mikilvægar kerfislausnir hjá einum framleiðanda, þar sem það getur leitt til þess að borgin læsist inni í ákveðinni þjónustu eða verði of háð ákveðnum framleiðanda. Mikilvægt er að hafa fjölbreyttari nálgun í tæknilausnum til að tryggja sveigjanleika og öryggi í upplýsingatækniumhverfi borgarinnar.

Hvers vegna notast Reykjavíkurborg við Workplace frá META þrátt fyrir að Office 365 innihaldi sambærilega virkni í gegnum Viva Engage?

Viva Engage er lausn sem Microsoft kynnti til sögunnar haustið 2021 og er þar af leiðandi ný lausn á markaði. Hún byggir á grunni hinnar eldri Yammer-lausnir, sem hefur verið úrelt og lögð niður. Það var því borginni til hagsbóta að hafa ekki valið þá lausn á sínum tíma þar sem innleiðingar á nýjum lausnum eru tímafrekar og geta einnig verið kostnaðarsamar. Slíkar ákvarðanir þarf því að taka að vel ígrunduðu máli. Workplace var innleitt hjá Reykjavíkurborg í lok árs 2017 eftir samþykkt borgarráðs á tillögu borgarstjóra þess efnis sbr. 22. lið fundargerðar borgarráðs frá 28. september 2017. Workplace er ein af kjarnalausnum fyrir innri samskipti borgarinnar og er í eigu mannauðs- og starfsumhverfissviðs.



Hvers vegna notast skóla- og frístundasvið við Google Workspace í stað annarra sambærilegra lausna?

Google býður upp á lausnir sem auðvelda stjórnun og dreifingu hugbúnaðar á Chromebook tæki, sem eru algengustu námstækin fyrir grunnskólanemendur. Chromebook tækin keyra á Chrome OS stýrikerfi, þróuð af Google og er það hannað til að vera hraðvirkt, öruggt og notendavænt námsumhverfi. Kerfið virkar á öllum vélbúnaði sem eru í miðlægri stýringu hjá upplýsingatækniþjónustu Reykjavíkurborgar og var það inleitt í samstarfi við og að beiðni skóla- og frístundasviðs.

Hvers vegna notast Reykjavíkurborg við Webex fjarfundarlausnir í stað sambærilegra lausna í gegnum Office 365?

Innleiðing fjarfundalausna hófst árið 2017 og voru þá lausnir á markaði kannaðar. Þáverandi lausn Microsoft var Skype4Business sem ekki uppfyllti kröfur um öryggi og sveigjanleika. Webex fjarfundalausnin (skjáir og vélbúnaður) eru samstillt við fjölbreytt úrval annarra fjarfundahugbúnaða og virkar því vel með flestum öðrum lausnum, þar með talið Teams, Zoom, Miracast og Airplay. Áður en farið var í útboð á fjarfundalausnum voru nokkrar lausnir prófaðar, meðal annars Microsoft Surfacehub, en þær lausnir reyndust ekki samstillanlegar með öðrum lausnum auk þess sem vélbúnaðurinn var dýrari. Einnig var framleiðsla Surfacehub hætt á meðan prófanir fóru fram. Þessir þættir ásamt því öryggismati leiddu til þess að Webex lausnin stóð upp úr í útboðsferlinu, sem valkostur sem bauð upp á bæði samhæfni og hagkvæmni.

Hver er kostnaðurinn við Torgið og hvers vegna var ákveðið að notast við þá lausn í stað sambærilegrar lausnar í gegnum Office 365?

Mánaðarlegur kostnaður vegna Torgsins er €8,500. Microsoft lausnin Viva Learning var ekki til eða útgefin þegar farið var í útboð fyrir fræðsluferfi borgarinnar. Notkun Viva Learning fylgir ekki með í leyfagjöldum borgarinnar við Microsoft 365, sem þýðir að aukagjald myndi bætast við fyrir þessa þjónustu. Einnig þyrfti að setja upp alla fræðsluferla upp á nýtt í nýju kerfi. Þar sem innleiðing nýrra kerfa getur reynst bæði tímafrek og kostnaðarsöm er mikilvægt að taka slíkar ákvarðanir að vel ígrunduðu máli og á faglegum grundvelli.

F.h. Þjónustu og nýsköpunarsviðs,

Óskar J. Sandholt,
sviðsstjóri

Borgarráð

Tillaga um notkun á Workplace samskiptamiðlinum hjá Reykjavíkurborg

Lagt er til að Reykjavíkurborg taki Workplace samskiptamiðilinn formlega í notkun fyrir starfsmenn borgarinnar. Markmiðið er að auka og efla þverfaglega samvinnu og samstarf og skapa betri möguleika til upplýsingamiðlunar og samskipta milli starfsfólks. Verkefnið verði til reynslu í eitt ár og verði notagildi þess metið á tímabilinu og tillögur unnar um framhaldið að því loknu.

Greinargerð

Reykjavíkurborg hefur undanfarna mánuði verið með til prófunar Workplace samskiptamiðilinn sem er hannaður og rekinn af Facebook. Um er að ræða samskiptamiðil sem er byggður upp með sama hætti og Facebook, en hugsaður til notkunar fyrir stofnanir og fyrirtæki í tengslum við starfsemi þeirra. Þannig er virkni miðilsins sú sama og Facebook og boðið upp á sömu möguleika til samskipta og upplýsingamiðlunar og þar þekkest. Munurinn felst hins vegar í því að öll gögn og upplýsingar sem þar verða til og er haldið til haga eru eign viðkomandi fyrirtækis/stofnunar, aðgangi að síðum fyrirtækisins og einstaka hópum stýrt af því og gögn vistuð í samræmi við reglur um persónuvernd sem í gildi eru á EES-svæðinu.

Reykjavíkurborg hefur undanfarna mánuði verið með aðgang að samskiptamiðlinum til reynslu án þess að greiða gjald fyrir þá notkun. Boðað hefur verið að gjald verði innheimt fyrir notkun síðar á þessu ári, þó þannig að ekki verður innheimt gjald vegna notkunar starfsmanna menntastofnana á borð við leikskóla og grunnskóla. Jafnframt liggur fyrir að einungis verður innheimt vegna virkra notenda miðilsins. Hafnarfjörður hóf notkun Workplace á síðasta ári og er reynsla þeirra góð af virkni miðilsins fyrir starfsemi sveitarfélagsins. Mörg íslensk fyrirtæki hafa hafið notkun á Workplace og sömuleiðis ríkisstofnanir, þar á meðal Landspítalinn sem er einn stærsti vinnustaður landsins.

Það er mat þeirra sem fylgst hafa með notkun og virkni kerfisins á þessum tilraunatíma Reykjavíkurborgar að það bjóði upp á marga möguleika til samskipta og upplýsingamiðlunar, auðveldi þverfaglegt starf og skapi grundvöll fyrir virka upplýsingamiðlun og samstarf sérfræðinga sem starfa á starfsstöðvum um alla borg, ekki síst á velferðarsviði og skóla- og frístundasviði. Uppsetning, högun og stjórn kerfisins er einnig með þeim hætti að samskipti og upplýsingamiðlun inn á slíku lokuðu svæði fellur vel að þeirri löggjöf um persónuvernd sem nú er í gildi svo ekki sé talað um þær breytingar sem framundan eru á því sviði.

Gera má ráð fyrir að allt að eitt þúsund virkir notendur verði hjá Reykjavíkurborg, auk virkra notenda á skóla- og frístundasviði. Því má gera ráð fyrir að árlegur kostnaður verði um 2-2,5

m.kr. miðað við fulla notkun þess hóps. Lagt er til að Workplace verði formlega tekið í notkun til reynslu í eitt ár, innleiðing verkefnisins verði unnin í samvinnu rafrænnar þjónustumiðstöðvar og upplýsingatæknideildar í náinni samvinnu við öll svið borgarinnar og með aðkomu miðlægrar mannauðsdeildar. Að hálfu ári liðnu verði mat lagt á framhald verkefnisins og eftir atvikum frekari þróun þess.

Dagur B. Eggertsson